

**Nr. 018 / 15 Selfoss*****Skipverji slasast við fall úr stiga***

IMO.nr. 8914556  
Fánaríki: Antigua & Barbuda  
Smíðaður: Danmörku 1991, stál  
Stærð: 7.676 BT 8.609 DW  
Mesta lengd: 127 m  
Breidd: 20,5 m Dýpt: 7,5 m  
Vél: MaK 5.400 kW, 1991  
Fjöldi skipverja: 11



Selfoss©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Slysaskýrsla frá skipi  
Ljósrit úr leiðarbók  
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 26. október 2015 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 18. desember 2014 lá Selfoss við bryggju á Grundartanga. Veður: Hægviðri.

Verið var að lesta skipið þegar stigi rann undan skipverja sem var að fara upp á gám í lest tvö. Skipverjinn leitaði læknis þegar hann kom til Reykjavíkur en reyndist hann óbrotinn og vinnufær.

***Við rannsókn kom fram:***

- að skipverjinn var að fara upp á gám til að skóa 20 feta gáma;
- að um var að ræða álstiga sem skipverjinn taldi hafa runnið til vegna bleytu á lestargólfinu.

***Nefndarálit:***

Orsök slyssins er notkun lausa stiga.

***Sérstakar ábendingar:***

Nefndin vekur athygli á að ekki eigi að nota lausa stiga um borð í skipum.